

Starfstilhögun Framhaldsmenntunarráðs*Erindisbréf*
framhaldsmenntunarráðs Landspítala

Á grundvelli samnings Landspítala - háskólasjúkrahúss og Háskóla Íslands dags. 27. apríl 2006 og 20. gr. laga nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu, er ákveðið að skipa framhaldsmenntunarráð við LSH.

Framhaldsmenntunarráð er skipað sjö mönnum til fjögurra ára í senn, þremur tilnefndum af Háskóla Íslands og jafnmörgum frá Landspítala og einn er valinn sameiginlega af forstjóra og rektor. Forstjóri Landspítala skipar ráðið og ákveður formann þess.

Starfshópur um framhaldsmenntun á LSH skilaði álit 28. mars 2007, um skipulag framhaldsmenntunar heilbrigðisstétta. Að tillögu hópsins skulu starfa undir framhaldsmenntunarráði sérfræðinefndir í mismunandi greinum heilbrigðisfræða. Ráðinu er einnig falið að skoða framhaldsmenntun í tengslum við aðrar deildir HÍ sbr. kafla 14.1 í samningi HÍ og LSH.

Framhaldsmenntunarráð skal annars vegar fjalla um sérnám í greinum heilbrigðisvísinda, sem getur verið hluti af eða leitt til sérfræðiréttinda. Hins vegar um framhaldsmenntun heilbrigðisstétta og rannsóknartengt framhaldsnám á háskólastigi, sem getur leitt til doktorsprófs, meistaraþrófs eða sérstaks prófskírteinis. Á grundvelli 20. gr. laga nr. 40/2007 er ráðinu falið að hafa umsjón með framhaldsmenntun á LSH.

Hlutverk framhaldsmenntunarráðs og verkefni eru

- að móta starf ráðsins og þeirra starfseininga sem undir það falla og því tengjast.
- að vinna tillögu til heilbrigðisráðuneytis um staðfestingu á efni, staðsetningu og námstíma sérmenntunar í einstökum greinum heilbrigðisvísinda.
- að undirbúa formleg tengsl og samvinnu við erlend sjúkrahús, háskóla og aðrar stofnanir, sem veita framhaldsmenntun í heilbrigðisgreinum.
- að móta samninga um réttindi og skyldur nemenda HÍ, sem stunda rannsóknartengt framhaldsnám, sem tengist LSH.
- að móta samræmda og staðlaða vottun að loknu námi eða námsáfanga í framhaldsnámi við Landspítala.
- að hafa eftirlit með sérmenntun og námsframvindu, gæðamál og prófhald.
- að vinna árlega skýrslu um fjölda nemenda í framhaldsnámi við LSH, þar sem fram kemur m.a. námsár, námsgrein, framvinda og námslok nemenda.
- að sinna öðrum þeim málum er til framfara horfa í framhaldsmenntun á LSH.

Starf framhaldsmenntunarráðs telst til starfsemi skrifstofu kennslu, vísinda og þróunar á Landspítala og leggur ráðið mál fyrir framkvæmdastjóra skrifstofunnar. Skrifstofan veitir ráðinu nauðsynlega aðstöðu, aðstoð og annast fjárreiður þess.

Reykjavík 12. september 2007

Virðingarfyllst,

Magnús Pétursson
forstjóri